

Reykjavík 7. desember 2020

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

postur@anr.is

Sent í Samráðsgátt

Efni: Umsögn um drög að reglugerð um Kríu sprota- og nýsköpunarsjóð, mál nr 253 / 2020.

Crowberry Capital GP ehf fagnar ætlan stjórnvalda í að styrkja fjármögnunarumhverfi nýsköpunarfyrirtækja og gerir eftirfarandi athugasemdir með tilvísan í drög um reglugerð um Kríu sprota- og nýsköpunarsjóð, sem birt voru í samráðsgáttinni þann 20. Nóvember 2020.

Athugasemdir varðandi 5. grein er fjallar um skilyrði fyrir þátttöku Kríu - sprota- og nýsköpunarsjóðs.

Sérþekking og markaðsreynsla er undirstöður tækniþróunar og nýsköpunar og sama gildir um fjármögnunarumhverfið. Mikilvægt er að fjárfestar hafi haldbæra reynslu í uppbyggingu nýsköpunarfyrirtækja og hafi tengslanet sem styður við stöðugan vöxt félaganna. Í Nýsköpunarstefnu fyrir Ísland er fjallað um að tengja íslenskt fjármögnunarumhverfi í nýsköpunar- og vaxtarfyrirtækjum við stærri fjármögnunarmarkaði, svo sem annars staðar á Norðurlöndum, í Bretlandi og Bandaríkjunum. Þetta markmið varpar ljósi á mikilvægi sérhæfingar hjá fjárfestum og að þeir hafi náð góðum árangri við fjármögnun nýsköpunarfélaga.

Því er óskað eftir því að gerð verði krafa til sérhæfðra vísisjóða að sækja jafnframt fjármagn til erlendra fagfjárfesta sem hafa reynslu af fjárfestingu í vísisjóðum. Þetta mun hraða þekkingaryfirfærslunni inn í íslenskt fjármögnunarumhverfi og dreifa áhættu á fyrstu stigum fjármögnunar. Íslenskir vísisjóðir verða að geta stutt við uppbyggingu fyrirtækja sem starfa á alþjóðlegum mörkuðum og þeir gera það best með því að starfa jafnframt sjálfir í alþjóðlegu umhverfi.

Athugasemdir varðandi 6. gr. er fjallar um ákvörðun stjórnar um þátttöku í sjóði

Tíðni stjórnarfunda og þar með fjárfestingarákvarðanna er ekki í samræmi við hraðvaxtaumhverfið sem nýsköpunarfyrirtæki og sérhæfðir vísisjóðir starfa í. Óskað er eftir því að tíðni fjárfestingarákvarðanna verði a.m.k. ársfjórðungsleg. Að öðrum kosti gætu áhrif Kríu orðið öfug við tilætluð áhrif, þ.e. að fjárfestingarhæf fyrirtæki fái ekki fjármögnun á meðan sérhæfðir sjóðir halda að sér höndum í bið eftir Kríu.

Athugasemdir varðandi 9. gr. er fjallar um umsýsluaðila

Mikilvægt er að faglega sé staðið að skipan þess umsýsluaðila sem sér um samningagerð fyrir hönd Kríu. Óskað er eftir því að gerð verði krafa um a.m.k. 10 ára starfsreynslu í fjárfestingum í sérhæfðum vísisjóðum hjá starfsfólki umsýsluaðila.

Athugasemdir varðandi samspil 5., 6. og 9. greinar.

Í 5. grein, 1. málsgrein kemur fram að vísisjóður þurfi að hafa fjármagnað að minnsta kosti 70% af heildarstofnfé á þeim tíma sem umsókn er send inn til Kríu. Í 6. grein kemur svo fram að stjórn Kríu komi að jafnaði saman einu sinni á ári til að taka fjárfestingarákvarðanir og í 9. grein að umsýsluaðili Kríu sjái um samningagerð fyrir hönd Kríu við viðurkennda sérhæfða sjóði. Þetta samspil 70% loforða, tíðni fjárfestingarákvarðanna stjórnar og tímasetning samningagerðar fer ekki saman og gengur raunar alls ekki upp í hefðbundinni fjármögnun vísisjóðs. Almennt er það svo að endanleg og skuldbindandi loforð um fjárfestingu fást ekki frá fagfjárfestum fyrr en fullgerð stofnskjöl sjóðs liggja fyrir. Jafnframt tíðkast að halda möguleika um síðari lokun sjóðs opnum. En í þeim tilfellum, geta þeir fagfjárfestar, sem taka þátt í síðari lokun sjóðs, ekki haft áhrif á stofnskjöl. Því slær skökku við að fela eigi umsýsluaðila Kríu umsjón með samningagerð í allt að ári eftir fyrstu lokun sjóðs. Óskað er eftir að hafa möguleikann á að sækja um Kríu opinn óháð öðrum loforðum en með settum fyrirvörum og þá getur umsýsluaðili komið sínum óskum á framfæri samhliða öðrum hluthöfum hans.

Virðingafyllst,

Meðeigendur Crowberry Capital GP ehf

Hekla Arnardóttir

Helga Valfells

Jenný Ruth Hrafnadóttir